

2. fundur

Þriðjudaginn 16. september 2025 kom trúnaðarráð saman til fundar í sal Einingar lðju á 2. hæð í Alþýðuhúsinu. Hófst hann kl 20.00.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá formanni.
 - a. Eiður fer yfir forsendur kjarasamninga sem eru til skoðunnar núna í haust. Niðurstaðan er sú að kjarasamningar standa.
 - b. Framkvæmdir sem er verið að framkvæma á orlofskostum félagsins kynntar.
 - c. Eiður segir frá Jöfnunarsjóði Lífeyrissjóða. Álag á lífeyrissjóðina er mjög mikið sérstaklega hvað varðar örorkubyrði. Skiptar skoðanir innan ASÍ á þessu.
 - d. Í bígerð er námskeið í starfslokum ásamt námskeiði í launaviðtölum, verður vonandi auglýst fljótlega.
2. Þing LÍV þann 30. -31. október 2025.

Þingið fer fram á Grand Hótel Rvk. Félagið á 6 fulltrúa. Sjá lista yfir fulltrúa í fundargerð stjórnar. Skrifstofan fær leyfi til að klára að fylla upp í listann.
3. Tilnefning fulltrúa úr trúnaðarráði í uppstillinganefnd.

Helga Eymundsdóttir býður sig fram sem fulltrúa.
4. 11. þing ASÍ – UNG þann 17. október 2025.

Katrín Briem fer sem aðalmaður fyrir hönd félagsins. Skrifstofan fær það hlutverk að finna varamann.
5. Fulltrúafundur AN þann 24. september 2025.

Eiður Stefánsson og Eydís Bjarnadóttir fara sem fulltrúar félagsins, þeir sem að hafa áhuga á að fara láti skrifstofuna vita.
6. Önnur mál.
 - a. Katrín Briem segir frá ferð á námskeið á vegum „Ungir leiðtogar“ sem að hún fór á til Brussel.
 - b. Rætt um ástand Illugastaða 19 og hver framtíðarsýnin er með hann.

Fleira ekki gert og fundi slitið.